

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ)
4. desember 2018.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2018-2019

Körfuknattleiksdeild Tindastóls

gegn

Körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið á skrifstofu KKÍ þann 15. nóvember 2018. Kærandi er körfuknattleiksdeild Tindastóls, kt. 690390-1169, Víðigrund 5, Sauðárkróki.

Kærður er leikur Tindastóls og Þórs Akureyri sem fram fór 13. nóvember 2018 í Síðuskóla á Akureyri, 1. deild kvenna.

Kærði er körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri, kt. 690888-1149, Hamri við Skarðshlíð, Akureyri.

Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð í málinu með vísan til ákvæðis 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og barst greinargerðin þann 18. nóvember 2018. Sú greinargerð uppfyllti ekki formkröfur og barst ný greinargerð frá kærða þann 22. nóvember 2018.

Undir rekstri málsins óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir greinargerð dómara leiksins ásamt athugasemdum tölfræðiteymis leiksins.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess aðallega að honum verði dæmdur sigur í nefndum leik liðanna. Til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn. Þá er þess krafist að kostnaður vegna leiksins, verði hann endurtekinn, greiðist allur af kærða.

Kærði krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað.

III.

Atvik máls

Kærandi lýsir helstu málavöxtum eftirfarandi: „Hinn 13. nóvember sl. fór fram leikur í 1. deild kvenna milli kæranda og kærða á heimavelli kærða í Síðuskóla á Akureyri og leikurinn því í umsjón kærða. Kærði kaus að láta ungt og að því er best verður séð óreynt fólk sjá um að stjórna leikklukku og rita leikskýrslu en það er einkum ritun leikskýrslunnar sem kærandi gerir athugasemdir við. Í stuttu máli má segja að ritari hafi ekki ráðið við verkið. Raunar var í síðari hálfleik skipt um starfsmann á ritaraborði þar sem eitt ungmennanna þurfti að fara á æfingu og þá var leitað eftir nýjum starfsmanni meðal áhorfenda. Ljóst er af rithönd á leikskýrslunni að sami aðili skrifar fyrstu þrjá fjórðungana en nýr ritari tekur við í fjórða leikhluta. Skýrslan var með það mikið af rangfærslum að dómara leiksins, Helgi Jónsson og Hjörleifur Ragnarsson, ákváðu á milli þriðja og fjórða leikhluta, að leikskýrslan skyldi yfirfarin og lagfærð og til þess voru notaðar upplýsingar frá þeim er annaðist tölfræði. Formaður kæranda gerði strax á staðnum athugasemd við þessa ákvörðun dómara og fór þess á leit að leikurinn yrði flautaður af en á það var ekki fallist. Að lokinni endurritun leikskýrslunnar var leik fram haldið. Í ljós kom að tölfræði leiksins var ekki rétt og leikmaður nr. 12 í liði kæranda skráður með einni villu meira en hún var með í raun. Þetta leiddi til þess að hún var útilokuð frá leiknum í fjórða leikhluta vegna þess að hún var samkæmt hinni endurrituðu skýrslu komin með fimm villur þegar hún í raun var með fjórar. Í þessu sambandi má vísa til upptöku af leiknum sem sjá má á youtube rás kærða. Á mínútu 55:34 á myndbandinu sést skýrt að það er leikmaður kæranda nr. 10 sem gerist brotlegur en leikmaður nr. 12 réttir upp hendur í átt að þjálfara sínum til að viðurkenna mistök. Á af skráningu tölfræði sem finna má á heimasíðu KKÍ sést hins vegar, kl. 18:30 í play by play, að leikmaður nr. 12 í liði kæranda er skráður fyrir villunni. Þessi mistök leiða síðan til þess að leikmanni nr. 12, sem er fyrirliði liðsins, er vikið af velli í fjórða leikhluta með fimm villur. Einnig liggur fyrir að lið kæranda varð af vítaskotum sem liðið átti rétt á eftir að liðið var komið með skotrött vegna villufjölda í liði kærða en upplýsingum um skotröttinn var einhverra hluta vegna ekki komið til dómara leiksins. Þetta atvik gerðist þegar tíminn á myndbandinu er 1:36:52. Fyrir utan þessi alvarlegu mistök er

leikskýrslan rangt rituð en þar vantar t.d. að skáð sé á hvaða mínútum leikmenn fengu villur og síðan láðist að rita fjölda vítaskota þar sem það átti við."

Kærði tekur fram í greinargerð sinni að málavöxtum sé í meginatriðum lýst í kæru. Taka verði þeirri lýsingu þó með þeim fyrirvara að hún sé einhliða sett fram af hálfu kæranda sem tapaði leiknum. Kærði gerir sérstaka athugasemd við eftirfarandi lýsingu sem sett er fram í kæru og að mati kærða ósanngjörn og villandi: „*Kærði kaus að láta ungt og að því er best verður séð óreynt fólk sjá um að stjórna leikklokku og rita leikskýrslu en það er einkum ritun leikskýrslunnar sem kærandi gerir athugasemdir. Í stuttu máli má segja að ritari hafi ekki ráðið við verkið.*“ Telur kærði að í þessari lýsingu kæranda sé gefið í skyn að kærði láti sér í léttu rúmi liggja hvernig ritaraborð sé mannað á leikjum en sú sé alls ekki raunin. Umgjörð leikja hjá félaginu sé almennt mjög góð og far stöðugt batnandi. Leikmenn meistaraflokk karla sjái alla jafna um að manna ritaraborð á leikjum kvennaliðsins og öfugt samkvæmt skipulagi sem liggja fyrir með margra vikna fyrirvara. Því miður urðu hins vegar óvænt forföll á síðustu stundu til þess að leita varð til yngri og óreyndari iðkenda um mönnun borðsins á þessum tiltekna leik. Kærði taldi hins vegar og telur enn að umræddir aðilar séu þess fullfærir að vinna á ritaraborði þó þeir hafi alls ekki átt sinn besta dag í umræddum leik.

IV.

Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi vísar kröfum sínum til stuðning til 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Í nefndri grein er mælt fyrir um að heimalið beri ábyrgð á að framkvæmd leiks fari fram á eðlilegan hátt. Vanræksla í þeim efnun getur m.a. leitt til þess að leikur teljist tapaður. Í kæru segir að í tilvitnaðri 7. gr. sé ekki mælt fyrir um hvað sé eðlileg framkvæmd leiks en það sé ljóst að mati kæranda að ritun leikskýrslu og tímavarsla sé hluti af grunnskyldum heimaliðs í þessum efnun enda leikskýrslan það plagg sem lagt sé til grundvallar úrslitum leiks, villufjölda leikmanna, tæknivillum o.s.frv. Ritun leikskýrslu sé því augljóslega eitt af því sem heimalið verður að annast á eðlilegan hátt svo notað sé orðalag greinarinnar. Í þessu tilviki urðu alvarlegir misbrestir á ritun skýrslunnar. Að mati kæranda var framkvæmd leiksins svo slæm að rétt sé að dæma honum 20-0 sigur í leiknum. Ef ekki verði á

Það fallist verður ekki hjá því komist að láta endurtaka leikinn enda mistökin sem gerð voru við framkvæmd hans svo alvarlega að óhugsandi er að láta „úrslit“ hans standa óhöggð. Að mati kæranda voru það mistök af hálfu dómara leiksins að grípa til þess ráðs að leiðrétta leikskýrsluna eftir tölfræðiskráningu leiksins enda er tölfræðin ekki ætluð til slíks og þar oft gerð mistök sem þó koma ekki að sök þegar upp er staðið. Hér er rétt að benda á að það tók rétt tæpar 20 mínútur að fara yfir tölfræðina og skrá breytingar á leikskýrsluna en allan þann tíma var hlé á leiknum. Kærandi leggur sérstaka áherslu á að það voru mistök við tölfræðiskráningu sem færð voru á leikskýrslu sem aftur leiddi til þess að fyrirliða kærða var ranglega vikið af velli í fjórða leikhluta en þá var staðan 64-58 fyrir kærða og tæplega sjö mínútur eftir af leikhlutunum. Þá er vísað til þess að mistök á ritaborði urðu til þess að kærandi varð af tveimur vítaskotum í öðrum leikhluta. Þessi mistök má greina með því að horfa á upptöku af leiknum og ljóst að kærði hagnaðist ekki eingöngu vegna vítaskotanna heldur láðist að skrá villu á leikmann hans sem eðlilega hefur áhrif síðar í leiknum. Á öllum þessum mistökum ber kærði, sem heimalið, ábyrgð og var í raun forkastanlegt að láta leikinn fara fram við þessar aðstæður. Kærandi hefur skilning á því að erfitt geti verið að fá starfsfólk til að vinna á heimaleikjum en það eru þó takmörk fyrir því hversu ungt og óreynt starfsfólkið getur verið þegar komið er út í keppni í meistaraflokki. Í þessu tilviki er augljóst að starfsmenn réðu ekki við hlutverk sitt.

Kærandi byggir á því að kærði hafi hagnast á því að framkvæmd leiksins, sem að framan er lýst, var með þeim hætti sem raun varð á og slík sé ótækt. Það sé óeðlilegt og rangt að lið geti hagnast á því að framkvæmd leiks í þess umsjón sé í lamasessi. Að mati kæranda er eðlilegt að allur kostnaður vegna hins endurtekna leiks falli á kærða enda hann í raun skapað þann kostnað með háttsemi sinni.

V.

Málsástæður og lagarök kærða

Kærði mótmælir því að hann hafi gerst brotlegur við 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót með þeim hætti að hann eigi að tapa leiknum líkt og kærandi krefst. Til að heimalið tapi leik vegna brots á 7. gr. þarf vanrækslan að vera slík að leikurinn fari ekki fram. Um það er orðalag 7. gr. mjög skýrt að mati kærða: „Félag

sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik.“ Telur kærði að önnur brot á reglugerð um körfuknattleiksmót sem leiða til þess að leikur teljist tapaður séu ef annað liðið notar ólöglegan leikmann eða mætir ekki til leiks. Tekur kærði fram að umræddur leikur hafi sannarlega farið fram eins og staðfest sé í undirritaðri leikskýrslu, bæði lið mættu til leiks og hvorugt liðið tefldi fram ólöglegum leikmanni. Því sé engin heimild til að breyta úrslitum hans.

Varðandi varakröfu kæranda um að láta endurtaka leikinn bendir kærði á að mistök, bæði dómara og ritaraborðs, séu einfaldlega eðlilegur hluti af leiknum og gert sé ráð fyrir þeim í leikreglum sbr. meðal annars grein 44.2.7.: „Dómarar geta hvenær sem er, áður en aðaldómari undirritar leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarðar eða skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villa, fjölda leikhléa, tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er eða vantar uppá.“ Telur kærði að í samræmi við framangreint ákvæði hafi dómarar leiksins farið meðal annars yfir leikskýrslu og leiðrétt á milli 3. og 4. leikhluta og leik svo haldið áfram samkvæmt ákvörðun þeirra. Vera kann að skýrslan hafi ekki verið fyllilega rétt eftir þessa yfirferð líkt og segir í kæru. Hins vegar telur kærði engan grundvöll til að endurtaka leikinn vegna þess. Eins og áður segir geta í öllum leikjum orðið einhver mistök hjá dómurum og ritaraborði sem uppgötvast við „endurskoðun“ leikja í sjónvarpi og/eða frá öðru sjónarhorni. Kærði telur fráleitt að beita heimild til að láta endurtaka leik í tilviki sem þessu og það myndi opna flóðgáttir tilhæfulausra kærumála inn á borð aga- og úrskurðarnefndar. Meginreglan sé sú að úrslit leiks skulu standa og allar undantekningar frá þeirri meginreglu verður að mati kærða að skýra mjög þröngt líkt og sjá má af úrskurðaframkvæmd KKÍ. Ef endurtaka á leik vegna mistaka starfsmanna leiksins, hvort sem það eru dómarar eða aðilar á ritaraborði, verða slík mistök að mati kærða bæði að hafa verið mjög alvarleg og jafnframt þurfa að vera yfirgnæfandi líkur á því að mistökin hafi ráðið úrslitum í leiknum. Hvorugt skilyrðið er að mati kærða uppfyllt í því tilviki sem hér um ræðir. Að mati kærða verður því að láta úrslit leiksins standa.

VI. Greinargerð dómara og tölfræðiteymis leiksins

Í greinargerð dómara leiksins kom fram að fyrir leik hafi starfsmaður íþróttahús Síðuskóla tilkynnt að skotklukkan væri nú rétt og hægt væri að færa í 14 sekúndur.

Um væri að ræða jákvæða breytingu á búnaði sem bæti hæfni hússins til að bjóða upp á körfuknattleiks til samræmis við reglur KKÍ/FIBA. Leikklokka þar sýnir aftur á móti ekki nöfn leikmanna, villur þeirra, stigaskor eða annað. Einungis er boðið upp á hráa niðurtalningu leikklokku og stigaskor að fyrrnefndri skotklukku meðtalinni. Við þessar aðstæður hefur hefð myndast að ritaraborð tilkynni þjálfurum beggja liða villufjölda leikmanna, jafnvel með sértækum villuspjöldum sem gefa þjálfurum, leikmönnum, dómurum og áhorfendum til kynna villufjölda brotlegs leikmanns. Því var ekki á að skipa í þetta sinn og ekki er unnt að staðreyna að slíkar munnlegar tilkynningar hafi verið gefnar þjálfurum. Mikilvægi þess átti eftir að koma í ljós seinna meir í leiknum.

Jafnframt kemur fram að við upphaf leiks hafi ritaraborð ekki verið fullmannað en mönnun tókst enda hefði leikur ekki hafist án fullnægjandi mönnunar. Allir starfsmenn ritaraborðs gáfu til kynna að þeir væru fullfærir til að starfa sem slíkir. Í fyrri hálfleik var fátt sem gaf annað til kynna þar sem stigaskor var staðfest af aðaldómara leiksins að undanskilinni einni undantekningu þar sem tvö stig voru vantalin á leikmann Tindastóls númer tvö sem breytti stöðunni úr 14-9 í 14-11. Við lok þriðja leikhluta hafi leikmaður Tindastóls númer 13 dæmda á sig villu í skoti. Vítaskot voru framkvæmd og leikurinn hélt áfram. Við næsta stopp í leiknum hafi tölfræðiteymi leiksins bent dómurum á að leikmaðurinn hafi fengið sína fimmtu villu áður og ætti því að vera útilokuð frá frekari þátttöku sem var og gert en eðlilega kallaði þessi niðurstaða á beiðni um útskýringar og aðstæður sem hefði mátt koma í veg fyrir með virkri samvinnu milli ritaraborðs og dómara.

Síðan segir í greinargerð dómara að við upphaf fjórða leikhluta hafi komið í ljós verulegt ósamræmi milli tölfræðiskráningar og leiksskýrslu þar sem kom í ljós að leikmenn beggja liða höfðu fengið skráðar á sig of margar eða of fáar villur. Ákvörðun var tekin um að skipta út ritara. Eftir á að hyggja telja dómara að það hefði átt að gera slíkt við upphaf þriðja leikhluta þegar téður ritari lét ganga á eftir sér að koma í leikinn.

Í athugasemdum tölfræðiteymis kemur fram að leikmaður númer 12 hjá Tindastól hafi fengið ranglega villu skráð í öðrum leikhluta. Einnig tekur tölfræðiteymið að kærandi hafi fengið skráð vítaskot hitt í leiksskýrslu sem hafi ekki

raunverulega gerst. Tölfræðingar gera fleiri athugasemdir varðandi skráningu leikvillna, hjá sér og skýrslu.

VII.

Niðurstaða

Aðalkrafa kæranda er að honum verði dæmdur sigur í hinum kærða leik vegna óeðlilegrar framkvæmdar kærða á heimaleik sínum, sbr. ákvæði 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Kærði telur hins vegar að það skorti heimild til að dæma kæranda sigur í leiknum þar sem umrætt ákvæði veiti ekki aga- og úrskurðarnefnd heimild til slíks. Í ákvæði a. liðar 12. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir að aga- og úrskurðarnefnd KKÍ geti á úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um að úrskurðað leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra. Er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd hefur í þessu máli framangreindar heimildir til viðurlaga.

Í ákvæði 1. og 2. másl. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót segir að félög beri ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félög sem vanrækja umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapi þeim leik. Umræddur leikur fór fram og því á 2. másl. ákvæðisins ekki við í þessu tilviki.

Í grein 44.2.6. í leikreglum í körfuknattleik segir að dómara geti hvenær sem er, áður en þeir undirrita leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarðar og skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villna, fjölda leikhléa, og tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er. Síðan segir í gr. 44.2.6. að ekki sé hægt að leiðrétta mistök eftir að dómari hefur undirritað leikskýrsluna.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að framangreind meginregla sé ein mikilvægasta grundvallarregla sem gildi um körfuknattleiksleiki. Að mati nefndarinnar verða undantekningar frá henni að styðjast við afdráttarlaus gögn og rök. Þannig verða mistökin að vera mjög alvarleg og sýnt fram á, án nokkurs vafa, að þau hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að framkvæmd hins kærða leiks var ekki með eðlilegu móti. Stiga- og villutalningu var áfátt og ljóst að allavega einn leikmaður kæranda var útilokaður frá þátttöku án þess að hafa brotið af sér nægilega oft. Hins

vegar er ekki um að ræða mjög alvarleg mistök né hefur verið sýnt fram að þau hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita. Er því kröfum kæranda í máli þessu hafnað.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfu Tindastóls um að félaginu verði dæmdur sigur í leik Tindastóls og Þórs Akureyri sem fram fór 13. nóvember 2018 í Síðuskóla á Akureyri, 1. deild kvenna, er hafnað.

Kröfu Tindastóls um að sami leikur verði endurtekinn er hafnað.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Björgvin Halldór Björnsson
varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson María Káradóttir Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfryjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.